



GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Strandabyggðar

1. gr.

Gjaldskylda.

Strandabyggð innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. grein laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða. Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Tengigjald vatnsveitu.

Tengigjöld skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

32 mm kr. 232.810.-

40 mm kr. 252.995.-

Starfsmenn Áhaldahúss sjá um að leggja og tengja heimæðar, setja inntaog kskrana utanhúss og krana, síu og einstefnuloka innanhúss. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt frá inntaksstað mannvirkis að krana í lóð í frostfríu dýpi samkvæmt fyrirmælum verkstjóra Áhaldahúss Strandabyggðar og fjarlægð frá stofnæð sé ekki meiri en 15 metrar.

Við endurnýjun eldri vatnsinntaka skal farið eftir framangreindum reglum en greitt verði eftir umfangi verks.

4. gr.

Vatnsgjald.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Stofn til álagningar vatnsgjalds er ekki lægra en 25.385 og ekki hærra en 34.010. Vatnsgjald er ekki lægra en kr. 39.855.- og ekki hærra en kr. 53.410.- af íbúðarhúsnæði. Vatnsgjald fer þó ekki yfir 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

5.gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisparfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald er innheimt eftir á, samkvæmt mældri notkun með rúmmetramæli sem vatnsveita leggur til. Þar sem ekki eru mælar er stjórn vatnsveitu heimilt að áætla notkun.

Aukavatnsgjald fyrir hvern m³ að 100.000 m³ er kr. 33.

Afsláttur til stórnotenda frá 100.000 m³ að 250.000 m³ er 20%

Afsláttur til stórnotenda frá 250.000 m³ er 40%.

Vatnsgjald vegna beitingagáma 20 ft. eru kr. 13.425

6.gr.

Mælaleiga.

Greiðendur aukavatns gjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir

Stærð mælis	Mælaleiga á ári
25 - 31 mm	8.305,- kr.
32 - 39 mm	11.575,- kr.
40 - 49 mm	18.310,- kr.
50 - 74 mm	28.400,- kr.
75 mm og stærri	51.365,- kr.

7.gr.

Breytingar á gjöldum

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 2. grein er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2021=100 og breytast skv. henni árlega. Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

8.gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald greiðist af hús - og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl.1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

9.gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 10. desember 2024. Staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Strandabyggðar.

Gjaldskrá tekur gildi frá og með 1. janúar 2025

*Porgeir Pálsson
oddviti*